

RITSTJÓRASPJALL

SUMAR OG LAUNASTRÍÐ

Christer Magnusson

VELKOMNIR ALLIR lesendur í fyrsta rafræna tölublaðið. Það kemur út á miklum álagstímum fyrir félagið.

Æskilegt hefði verið að geta birt upplýsingar um nýjar reglur styrktarsjóðs, nýja stefnu félagsins og gang mála í yfirstandandi kjaraviðræðum. Menn eru hins vegar of uppteknir af verkföllum og samningum til þess að hafa tíma til að skrifa greinar. Vonandi verður hægt að greina frá nýjum kjarasamningi í næsta tölublaði. Í blaðinu er í staðinn smágrein um launastríð nýútskrifðra hjúkrunarfræðinga á áttunda áratugnum.

Vinnutími hjúkrunarfræðinga hefur aldrei verið eftirsóknarverður og verður það líklega aldrei því þeirra er þörf allan sólarhringinn. Launin hafa hins vegar aldrei miðast við það því ríkisvaldið hefur gert allt sem það getur til þess að halda laununum niðri og beitt ýmsum brögðum til þess, enda dýrt fyrir ríkið að halda úti heilbrigðisþjónustu.

Síðustu áratugi hafa vinnuskilyrði hjúkrunarfræðinga á sjúkrahúsum breyst mjög hratt. Læknisfræðinni hefur fleygt fram sem er ánægjulegt en gerir það að verkum að hægt er að leysa sífellt fleiri vandamál utan sjúkrahúss. Fyrir hjúkrunarfræðinga þýðir það hins vegar að nánast allir sem dveljast á sjúkrahúsum eru mjög veikir. Einnig fjölgar sífellt þeim tækjum sem hjúkrunarfræðingar þurfa að kunna skil á. Samhliða því verða reglur og kröfur heilbrigðisyfirvalda og eftirlitsaðila stöðugt strangari og kröfur aðstandanda og almennings einnig. Á sama tíma reyna heilbrigðisstofnanir að fækka starfsfólki til þess að uppfylla sparnaðarkröfur stjórnsvalda. Samantekið er þetta nánast að bera menn ofurliði.



Það ætti því enginn að vera hissa á því að hjúkrunarfræðingar séu tilbúnir til þess að fara í verkfall til þess að knýja fram launabætur. Kannski ættu þeir líka að stofna til aðgerða til þess að ná fram betri starfsmannastefnu hjá fjármálaráðuneytinu.

Í síðasta tölublaði var fjallað um nýjar áherslur í hjúkrunarnáminu og í þessu blaði er haldið áfram að rýna í menntunarmál. Í einni grein er farið yfir þróun hjúkrunarnáms á síðustu öld og í grein frá 1930 er staða hjúkrunarnáms skoðuð um það leyti sem Landspítalinn tók til starfa.

Í þessu tölublaði er engin fræðigrein. Það er tilviljun og alls ekki stefnubreyting. Tímarit hjúkrunarfræðinga mun áfram birta fræðigreinar þó að það komi nú út rafrænt. Það kemur stundum fyrir að engin fræðigrein er samþykkt til birtingar þegar nýtt tölublað er í burðarliðnum en það er óheppilegt nú þar sem mörg fræðihandrit eru í vinnslu. Í haust mun líklega myndast biðröð eftir að fá efni birt. Tímarit hjúkrunarfræðinga hefur áður gefið út aukatölublöð eingöngu með fræðigreinum og þarf hugsanlega að gera það aftur í vor.

Ritnefnd biður spennt eftir að fá að heyra skoðanir félagsmanna á rafræna tímaritinu þannig að lesendur eru hvattir til þess að senda ritstjóra athugasemdir. Að öðru leyti er það von hans að lesendur geti inn á milli notið sumarsins þrátt fyrir launastríð og vinnuálag.

